
GIRA

Notkunarleiðbeiningar

IP-myndavélareining
Pöntunarnúmer: 5562 000



10 87 07 80 / 4.11.2026

1 Öryggisleiðbeiningar

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast uppsetningu og tengingu raftækja.


Þessar leiðbeiningar fylgja vörunni og skal kaupandi fá þær í hendur.

2 Lýsing á virkni

IP-myndavélareiningin bætir myndefni við dyrasamskiptakerfið IP.

3 Lýsing á tæki


Séð að framan



Mynd 1:

[1] Glerframhlið
[2] Myndavélarlinsa
[3] Innrautt LED-ljós (til notkun að nóttu til)

Séð að aftan




Mynd 2:

[1] Snúningslásar (4x)
[2] Rauf fyrir kerfi (2x)
[3] Rauf fyrir myndavél

4 Uppsetningarstaður valinn

Við val á uppsetningarstað skal taka gæta að eftirfarandi:



Mynd 3: Kameramodul_IP_S106_Erfassungsbereich

- Engin mótljós: Ekki beina myndavélarlinsunni að sterku mótljósi, svo sem götulýsingu eða garðlýsingu.
  Ekki útsetja linsuna fyrir beinu sólarljósi.
- Myndbakgrunnur: Ekki skal setja myndavélina upp við afar bjartan myndbakgrunn eða bakgrunn með miklum birtuskilum.
- Lýsing: Viðbótarlýsing á inngangssvæðinu ætti ekki að skína beint framan á myndavélarlinsuna.
- Uppsetningarhæð: 1,50 metrar (ráðlagt).
- Horngráða: 126° lárétt, 67° lóðrétt

5 Einingin sett upp

Eininguna verður að setja upp í húsi System 106.

Áskilin uppsetningarskref má finna í viðeigandi uppsetningarleiðbeiningum fyrir hús System 106.

Athugið: Myndavélareininguna verður alltaf að setja upp beint við hliðina á taleiningunni.

TILKYNNING

Engar leiðslur skulu vera á bak við myndavélareininguna.

Aldrei skal setja kapalleiðslu tengisnúrunnar í hæð myndavélareiningarinnar!

6 Búnaðurinn tekinn í notkun

Skipulagning og gangsetning dyrasamskiptakerfisins IP eru gerðar með Gira Projekt Assistenten (ab GPA Version 6.0).

7 Ekki er hægt að skipta um framhlið einingarinnar

Ef glerframhliðin hefur skemmst þarf að hafa samband við viðkomandi söluaðila (verslunar/uppsetningarþjónustu/raftækjaverslunar). Söluaðilinn fær afhent útskiptitæki gegnum Gira-þjónustumiðstöð Eftir að útskipti hafa farið fram þarf að senda bilaða tækið til Gira-þjónustumiðstöðvarinnar.

8 Skipt um einingu

Ef einingin bilar er hægt að skipta henni út á eftirfarandi hátt án þess að endurræsa hana:

1. Takið dyrasímann úr sambandi.
2. Skiptið einingunni út.
3. Hleypið rafmagni aftur á.
4. Ef nauðsynlegt reynist verður fastbúnaðaruppfærsla á einingunni framkvæmd sjálfkrafa (tekur allt að 20 mínútur). Þetta er gefið til kynna með gula LED-ljósinu á taleiningunni og, ef til staðar, á hnappaskjánum. Á þessum tíma verður hurðastöðin ekki tiltæk.

9 Tæknilýsing

Aflgjafi:	í gegnum kerfi (10 pinna flatkapall)
Umhverfishiti:	-20°C til +50°C
Varnarflokkur:	IP54
Mál (B X H):	106,5 x 106,5 mm
Upplausn:	Full HD [1920 x 1080}, 16:9, 2 MP
Orkunotkun:	
Vökuhamur:	130 mW
Vökuhamur með hitun:	1,36 W
Virknihamur yfir daginn:	1,53 W
Virknihamur yfir nóttina:	3,32 W

10 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar.

Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.